



Reykjavík, 29. maí 2020

R18030024

6631

óm

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Austurheiðar - útvistarsvæði - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 28. maí 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. maí 2020 sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 13. maí 2020 um rammaskipulag fyrir Austurheiðar.
Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisfloksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að hugað sé að útvistarsvæðum í borgarlandinu í takt við aukinn áhuga á útvist og hreyfingu. Í borgarlandinu eru ýmsar dýrmætar náttúruperlur og jákvætt að hugað sé að útvistarsvæðum. Mikilvægt er að ekki verði gengið á þessar náttúruperlur. Austurheiðar er útvistarsvæði í jaðri borgarinnar en jafnframt er mikilvægt að hugað verði að þeim fáu útvistarsvæðum sem eftir eru í miðri borginni og ekki verði gengið frekar á þá fáu grænu bletti sem eftir eru þar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að mikill metnaður er lagður í verkefnið. Fulltrúi Flokks fólksins leggur mikla áherslu á að hagsmunaaðilar verði hafðir með frá upphafi, haldnir hafa verið fundir en mikilvægt er að fundargerðir séu aðgengilegar til að hægt sé að hafa samráðið gegnsætt. Öllu máli skiptir að þetta sé unnið í sátt frá upphafi og að hagsmunaaðilar fái að koma að undirbúningsvinnu og upplýstir um í hvaða átt er stefnt en þeir ekki aðeins upplýstir um það eftir á og þá boðið að ákveða um einhver smærri atriði. Flestar lóðir við Langavatn eru eignarlóðir. Gott væri að fá yfirlit yfir stöðu annara lóða, er um eignarlóðir að ræða, erfðafestulóðir sem renna út á einhverjum tíma o.s.frv. Ræktun gamalla lóða verður vonandi nýtt í stórum stíl. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að, eins og svæðið er skipulagt, að nóg ætti að verða af bílastæðum við aðkomuleiðir.

Helga Björk Laxdal
e.u

